

Dags eftirlits	19.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Veði-fiskræktarfélag Landmannaafreittar	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Meiri-Tunga 1B	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630580-0999	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Valtýr Valtýrsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Sigurjónsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlitið.

Rekstraraðila er bent á að mæla skal heildarfosfór og heildarköfnunarefni tvisvar á ári, við hámarkslífmassa og við lágmarkslífmassa. Gert er ráð fyrir að mæla þurfi svifagnir og TOC á þriggja ára fresti. Heimilt er að fækka sýnatökum og mælingum síðar ef í ljós kemur að fiskeldið hefur lítil áhrif á vatnshlotið (Galtalæk), sbr. gr. 2.5 í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Farið var í eftirlit í áframeldisstöð Veðifélags Landmannaafreittar í Galtalæk 2 í Landssveit (Rangárþingi ytra). Stöðin er á bökkum Galtalækjar ca. 200 metrum neðan við Skógafoss. Þrjú eldisker eru í stöðinni og aðstöðuhús. Hugmyndir eru uppi um að stækka stöðina. Hreinsivirki í frárennsli er 10 000 lítra settankur.

Urriðaseiði (10 gr.) eru flutt frá seiðaeldisstöð félagsins í Götu í Holtum (Rangárþingi ytra) og alin í 1½ ár (30 gr.) áður en honum er sleppt í fjallavötnin á Landmannaafreitti en lítill hluti fiskisins er alinn í 2½ ár (200 – 300 gr.).

Rekstraraðili er með starfsleyfi sem var gefið út í maí 2021 og skal lífmassi í stöðinni ekki vera meiri en 2 tonn á hverjum tíma.

Valtýr Valtýrsson og Sveinn Sigurjónsson voru fulltrúar rekstraraðila en Gottskálf Friðgeirsson fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Boðuð dagskrá:

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrri ára og núverandi staða metin.
2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi.
4. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Staða á frávikum og ábendingum fyrri ára

Sex frávik hafa komið fram í eftirlitum síðustu ára. Fráviki um rekstur stöðvarinnar án starfsleyfis er hægt að loka. Umhverfis- og auðindaráðuneytið veitti stöðinni undanþágu frá kröfum um starfsleyfi þann 8. júlí 2020 og undanþágan gildi þar til nýtt starfsleyfi var gefið út 20. maí sl. Fráviki vegna kröfu um skráningar var lokað 8. mars 2021. Forhrensun á frárennsli fer nú fram eftir að settur var niður settankur í fráveitulögninni. Skriflegar áætlanir um viðbragðaáætlun, neyðaráætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar liggja fyrir og eins samningur við Erlend Ingvarsson á Skarði um móttöku á dauðfisk úr stöðinni. Útreikningar rekstraraðila á losun mengandi efna frá eldinu sýna að losunin er undir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfinu og því er hægt að loka því frávikum líka. Öllum eldri frávikum hefur því verið lokað.

Eins hefur verið tekið tillit til ábendinga sem fram komu árin 2018 og 2020.

2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma.

Engir olíugeymar eru í fiskeldisstöðinni. Allt vatn er sjálfrennandi og því eru varaafstöð óþörf.

3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Kröfur eru um að skriflegar áætlanir í stöðinni. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun og áætlun um meðferð úrgangs liggja fyrir. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila (ust@ust.is). Næstu skil á ársyfirliti eru fyrir 1. maí 2022. Eins skal rekstraraðili skila umhverfisupplýsingum árlega, sjá 34. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. Tíðni eftirlit og reglubundið mat á áhættu.

Í áhættumati til ákvörðunar á hversu oft skal koma í eftirlit sem gert var árið 2020 fékkst út að hæfileg tíðni væri að koma í árlegt eftirlit. Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en uppfært áhættumat verður notað við gerð eftirlitsáætlunar sem stofnunin notar næsta ár.

5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

Fiskeldið losar í Galtalæk sem er skilgreint sem vatnshlot nr. 103-900-R. Í gagnagrunni Umhverfisstofnunar er það metið svo að stærsta staðbundna álag á vatnshlotið sé frárennsli fiskeldis Veði- og fiskræktarfélags Landmannaafreittar. Stærðargráða áhrifa hefur ekki verið metin enn. Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og

fastefnismeðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var afhent í eftirlitinu. Eins voru leiðbeiningar um útreikninga á losun í fiskeldi (formúla Wang et.al.) afhent í eftirlitinu.

Engin mengunaróhöpp né sleppingar hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að gera mat á losun mengandi efna frá eldinu með sýnatökum og efnagreiningum og/eða með útreikningum byggðum á innihaldi fóðurs.

Rekstraraðila er bent á að mæla skal heildarfosfór og heildarköfnunarefni tvisvar á ári, við hámarkslífmassa og við lágmarkslífmassa. Gert er ráð fyrir að mæla þurfi svifagnir og TOC á þriggja ára fresti. Heimilt er að fækka sýnatökum og mælingum síðar ef í ljós kemur að fiskeldið hefur lítil áhrif á vatnshlotið (Galtalæk), sbr. gr. 2.5 í starfsleyfi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.12.2021



Gottskálk Friðgeirsson